



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN
ÁRBÆ
REYKJAVÍK
LEIGUHÚSNÆÐI
SKILAGREIN
NÓVEMBER 2010

HEILSUGÆSLUSTÖÐIN
ÁRBÆ
REYKJAVÍK
LEIGUHÚSNÆÐI
SKILAGREIN
NÓVEMBER 2010



EFNISYFIRLIT

1	UPPHAF VERKEFNIS	3
2	HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN.....	3
3	TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI.....	3
4	LEIGUSAMNINGUR	3
5	SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA	3
6	HÖNNUÐIR	4
7	BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8	BÚNAÐARKAUP	4
9	VERKLOK	4

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í apríl 2008. Óskað var eftir að FSR hefði tilsjón með leigusamningi sem Heilsugæsla Reykjavíkur hafði gert við Faghús ehf. um húsnæði fyrir heilsugæslustöð við Hraunbæ 115 í Reykjavík.

2 HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN

Húslýsing og húsrýmisáætlun ásamt grunn- teikningum af húsnæðinu voru fylgigögn leigusamnings sem undirritaður var í febrúar 2008.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið lét vinna húsnæðislýsingu í samráði við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ríkiskaup auglýsti síðan eftir húsnæði að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis með heimild fjármálaráðuneytis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið yfirfór tilboðin og tók ákvörðun um val á húsnæði.



Bygging að verða fokheld.

húsnæði við Hraunbæ 115, Reykjavík. Afhending húsnæðisins skyldi fara fram eigi síðar en 1. desember 2008.

5 SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA

Þar sem húsnæðið var óbyggt þegar leigutilboði var tekið, tilnefndu leigutaki og leigusali tengiliði til að annast samskipti milli aðila, þar til húsnæðið yrði afhent.

Leigutaki tilnefndi Guðmund Pálsson verkefnastjóra hjá FSR og leigusali tilnefndi Matthías Sveinsson og Jón Þór Hjaltason.

Hönnun aðaltekninga var lokið þegar FSR kom að verkefninu en gerð verkeikningar var unnin á fyrstu mánuðum verktímans

Haldnir voru 10 verkstöðufundir á tímabilinu 3. apríl til 25. nóvember 2008. Framkvæmd var formleg afhendingarúttekt 1. desember 2008 Lokaúttekt byggingarfulltrúa var gerð án athugasemda þann 23. desember 2008



Verklök nálgast.

4 LEIGUSAMNINGUR

Fjármálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sáu um gerð leigusamnings.

Leigusamningur var undirritaður í febrúar 2008, um leigu til 20 ára á 1510,1 fermetra



Fastar innréttingar komnar upp.



Úttekt á innréttingum.

6 HÖNNUÐIR

Eftirfarandi aðilar önnuðust hönnun húsnæðisins:

Arkitekt: Teiknistofan Túngötu 14,
Pétur Örn Björnsson
Burðarþol og lagnir:
Tæknivangur ehf., Kirkjustétt
Rafkerfi. Fagtækni ehf., Akralind 6.



Ungbarnamóttaka

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Framkvæmdir við byggingu hins leigða hluta hússins hófust í febrúar 2008. Verkið gekk mjög vel og voru skil samkvæmt samningi þar um.

8 BÚNAÐARKAUP

Framkvæmasýslunni var einnig falið að sjá um búnaðarkaup. Til búnaðarkaupa og til vinnu við tilsjón var heimilað allt að 60 m.kr. Um 42,5 m.kr. nýttust til kaupa á nauðsynlegum búnaði. Rúmar 2,5 m.kr. nýttust til vinnu við búnaðarkaup og tilsjón með byggingu. Er því nokkurt fé ónotað af heimildum að verki loknu. Búnaðarkaup gengu mjög vel og í fullri samvinnu við notendur stöðvarinnar.

9 VERKLOK

Heilsugæslan fékk húsið afhent í lok desember 2008 og flutti í húsið um miðjan janúar 2009.

Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri